# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 17

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Fátækranefndin hjer telur sig ekki, eins og málum víkur við, geta tekið úr vandkvæðum mannsins, og vill því skjóta því til yðar og fátækrastjórnarinnar í Reykjavík, hvort hún ekki vill duga honum og lána honum fje til að standa straum af lánum sínum við bankana þetta ár. Menn mega gjöra ráð fyrir að 200–300 krónur dugi manninum, naumast þó minna en 200.

Fengi hann þessa hjálp, um næstu mánaðamót, t.d. 150 kr. og meira síðar, ef hann óumflýjanlega þarf þess, mætti svo fara að úr rjettist með hag mannsins, svo hann bæði gæti haldið eign sinni og fleytt fram skuldaliði sína, enda má vænta þess að elstu börnin 2, tólf og þrettán ára, fari eptir því sem líður að verða heimilinu til styrktar.

Jóhannes gæti gefið bæjarsjóði Reykjavíkur 3. veðrjett í íbúðarhúsi sínu næst lóðinni og 2. veðrjett í skúrnum og er ekki ólíklegt að það verði síðar gott veð fyrir enda meiru en 200 kr. —

Fátækrastjórnin hjer er fús til að veita þenna viðtöku og ábyrgjast að það gangi ekki til annars, en vaxtagreiðslu og afborgana á skuldum þeim við útbú Íslandsbanka, sem að framan eru nefndar, gjöra sitt til að afborganir á víxillánum verði svo vægar sem kostur er á og enda borga fyrir Jóhannes í bráðina ef hún hefur til þess samþykki yðar eða fátækrastjórnarinnar í Reykjavík, sem og fullvissu um endurborgun frá henni.

En fyrstu hjálpina, ekki minna en 150 kr. sendið þið væntanlega með fyrstu ferð sem fellur, ef þið á annað borð liðsinnið Jóhannesi nokkuð; en ef þið ekki látið mál hans á einhvern hátt til ykkar taka svo að haldi komi, hlítur að skeika að sköpuðu um hag hans.

Með virðingu

Í fátækrastjórn Ísafjarðarkaupstaðar

Árni Gíslason

Fundur 13. jan 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði 2. jan 1910

Herra borgarstjóri
Páll Einarsson
Reykjavík

Jóhannes snikkari Jensson, skósmiður hjer í bænum, sem á Framfarafjelagshúsið í Reykjavík, hefur nú nýlega borið fram vandkvæði sín við fátækranefndina hjer.

Hann hefur nú dvalið hjer í bænum meir en 5 ár er ómagamaður, á 6 börn, þar af 2 eldri en 10 vetra og hið yngsta á 1. ári. Hefur hann undanfarin ár barist með dugnaði fyrir fjölskyldu sinni.

Fyrir nærfelt þremur árum keypti hann hús, fornt með miklu og góðu lóð, á hentugum stað í bænum, fyrir 1900 krónur, var það þá virt á 2300 kr. Ljet hann síðan bæta húsið að miklum mun og kostaði það talsvert fje. Síðan er c. 900 seðlar.

Hann tók veðdeildarlán, 800 kr. upp á 1. veðrjett í húsinu og fekk jafnframt 1500 kr. víxillán gegn 2. veðrjetti og ábyrgðarmönnum að auki. – Síðan bygði hann skúr allvænan hjá húsinu, sem hann hefur fyrir skósmíðaverkstofu m. m.; mun hann hafa kostað um 600 kr. Tók hann 470 kr lán til skúrbyggingarinnar og setti skúrinn að veði fyrir því láni með 1. veðrjetti.

Skuldir þessar hefur hann lúkað það í, að veðdeildarlánið var 1. nóv. f. á. 750 kr.; víxilskuldin var komin niður í 1080 kr. og skúrlánið í 200 kr.; en nú í haust voru Jóhannesi öll sund lokuð til peningafanga, svo hann gat hvorki greitt tilskilda borgun í veðdeildina (um 65 kr.), nje heldur gat hann nú í desember, er víxillinn fjell í gjalddaga, greitt vexti af honum og því situr nakinn afborgun.

Skattarvextir em því nú þegar fallnir á veðdeildarlánið og víxillinn hefur verið afsagður. Lánardrottinn, útibú Íslandsbanka, mun því innan skamms ganga að veði sínu og verða húsið selt við nauðungaruppboð fyrir þá fáleitt verða fyrir það en á því hvílir og sennilega ekki einu sinni svo mikið.

Mun því Jóhannes fyrst og fremst tapa öllu því, sem hann hefur kostað til að bæta húseign sína og auk þess að öllum líkindum verða gjörsamlega fjelaus og á flækiskeri staddur með fjölskyldu sína og þess vinnugengar að standa straum af henni án sveitarstyrks.

B. Rob. 7/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.
1286.

VEÐDEILD LANDSBANKANS.

REYKJAVÍK 31. Des. 1909.

Af láni því, að upphæð 600 kr. er þér fenguð úr veðdeildinni 5. Júlí 1905 áttuð þér að greiða 1. október þ. á. í afborgun, vexti o. fl.

43 kr. 47 aur.,

en með því að þér enn þá ekki hafið sýnt skil á greiðslu þessari er þess hér með krafist, að þér tafarlaust borgið bankanum nefnda upphæð ásamt dráttarvöxtum af upphæð þessari, er samkvæmt 15. gr. í reglugjörð veðdeildarinnar eru 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til borgunardags, og er þá sá mánuður, sem komið er fram í, talinn sem heill.—

Verði dráttur á greiðslu ofannefndrar upphæðar með vöxtum samkvæmt framansögðu, verður óhjákvæmilegt að ganga að veðinu til lúkningar höfuðstól, vöxtum og kostnaði öllum við innheimtu lánsins, og megið þér eigi vænta frekari aðvörunar um slíka aðför.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Björn Kristjánsson
settur

Hr. Einar Guðmundsson
Helgagötu 12.
Rvk.

Maríbel Þorvaldsdóttir
eldri kona

B. Aug. 9/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Á ÍSAFIRÐI**

Ísafirði 2. janúar 1910

Ég leyfi mér, herra borgarstjóri, að senda yður hjálagt svör formanns fátækra-nefndarinnar viðvíkjandi Jóhanni Skó-smið Jenssyni og skal það tekið fram, að verði Jóhann neyddur til að selja húsið og þá um leið þiggja fátækrastyrk má vel búast við, að hann eftir atvikum verði Reykja-vík til talsverðrar byrði.

Magnús Torfason

Borgarstjóri Reykjavíkur

f. Rek. 7/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo er mál með vexti að fyrir nokkru síðan keypti eg bæinn við Holtsgötu Nr 12 (Selsholt) með öllu sem honum fylgir, frá eign Þórarins Jónssonar, og leit svo á í fyrstu að eign þessari væri lítil nauðsyn að Þórarinn gæti haldið, en háttvirtur Borgarstjóri leit hinsvegar á það þegar eg fl… sýnum sendi nefndan mann þangað til þess því beint að sporna við því að bærinn yrði tekin fjárnámi keypti eg hann loks.

Í sambandi við þetta leifi eg mjer að snúa mjer til hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur með þá fyrirspurn hvort hún vilji greiða mjer leigu fyrir nefndan Þórarinn frá 14 maí þ.á. til fardaga næsta ár. leigan er 12 – tólf krónur um mánuðinn fyrir alla eignina.

Ástæðan til þess að eg leifi mjer að bera fram spurningu þessa er sú að hlútaðeigandi telur sig ómögulegan til að greiða nefnda leigu, og er eg því neiddur til að láta hann fara burtu ef eg ekki fæ leiguna greidda annarstaðar frá.

Þórarinn tjáir mjer hinsvegar að hann geti ekki við bæinn skilið vegna þeirrar hjálpar sem fiskverkunarpláss garðar og smiðja hús veiti sjer. auðvitað leggur hin háttvirta fátækranefnd sinn eigin dóm á það.

Jafnhliða þessu vil eg hjer með leifa mjer að bjóða fátækranefndinni að kaupa bæ þennan, fyrir aðeins 1500 krónur og það sem eg á í honum má greiðast mjer á 5 árum með 5%. það er 100 krónum árlega leigan af höfuðstól.

F. Rvk. 5/1916

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta tilboð gjöri eg til að sýna hversu eg er laus
við eigingirni í samkvæmdi við kaup þessi; þar
eg líka lít svo á að undirskriftinni staðarins sje
lítt hugsandi að meta sú sem hjer um ræðir sje
kraðin þaðan í laurtu.

Frekara finn eg ekki ástæðu til að orðlengja
um mál þetta, en mælist til að háttvirt fátækra-
nefnd svari mjer áliðið hið fyrsta því eg hefi nú
fyrir liggjandi ef þessi spurn minni er svarað neitandi.

Virðingarfyllst
Reykjavík 13 Janúar 1890
Jóhann Jóhannesson

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að biðja þess að þjer herra borgarstjóri sjáið svo fram gengt að jeg fái af fátækrasjóði Reykjavíkur hálft meðlag með barni mínu Guðmundi Ólafi, sem nú er ársgamalt og er þetta hálfa barnsmeðlag, sem jeg nú fer fram á að fá af bænum, fyrir móðir barns þessa og barnsmóður mína Gróu Jörgensdóttir, sem er fædd og uppalin hjer í bænum.

Reykjavík 13 janúar 1910

Helgi Henriksson
Vitastíg 9.

Til

Borgarstjórans í Reykjavík

F. Rek. 4/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29. desember 1909

Hjermeð er eg neiddur til að tjá yður háttvirta fátækranefnd að Hallgrímur Sveinbjarnarson Jakobsen er býr í húsi mínu við Rauðarárstíg hjer í bænum hefur tekið á leigu íbúð þá sem hann býr í með svofeldum samningum að hann sjálfur borgi helming leigunnar en bæjarsjóður borgi hinn helminginn, sem eru 4 krónur á mánuði; en þar hann nú í fulla 3 mánuði hefur mjer engan eyrir borgað af sínum parti og ekkert útlit fyrir að hann geti það framvegis, þá get jeg ei þessu unað, og verð því að snúa mjer til yðar háttvirta nefnd í þessu máli um að jeg geti fengið alla húsaleiguna borgaða úr bæjarsjóði, sem verði 8 kr. um mánuðinn frá 1. janúar 1910. Eg óska svars eptir að nefndin

J. Rok. 6/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur tekið þetta til athugunar

Virðingarfyllst
Pétur Magnússon
Barónsstíg nr. 16

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JES ZIMSEN
REYKJAVIK
ICELAND

TELEGRAMADR.: „ZIMS"
TELEFON NR. 4.

Reykjavik 11. Janúar 1910

Hjer með leyfi jeg mjer að bjóða fátækranefnd Reykjavikur neðantaldar vörur með hjásettu verði á yfirstandandi ári ( 1910 ): *til 15/1*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bankabyggsmjöl .................... | 100 pund | Kr.: | 13.00 |
| Rúgmjöl ........................... | 100 " | " | 8.35 |
| Haframjöl ......................... | 100 " | " | 14.00 |
| Grjón, heil ....................... | 100 " | " | 13.00 |
| Kaffi ............................. | pr. " | " | 0.60 |
| Exportkaffi ....................... | " " | " | 0.43 |
| Kandis ............................ | " " | " | 0.30 |
| do i heilum kössum ........ | " " | " | 0,28 |
| Melis, högginn og heill ........ | " " | " | 0.28 |
| do i toppum eða kössum ......... | " " | " | 0.26 |
| Steinolia.......................... | " pott | " | 0.13 1/2 |

Virðingarfyllst

*Jes Zimsen*

Til

borgarstjórans i Reykjavik.

*L. Rok. 3/1910*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að jeg hefi haldið barnið Ingibjörgu Vilborgu Benjamínsdóttur, sem er dóttir Pálínu Fr. Pálsdóttur, – stjúpdóttur minnar, – án þess að jeg frá byrjun síðastliðins júlímánaðar til þessa tíma hafi fengið neitt meðlag með því frá móðurinnar hálfu, en jeg er svo fátækur að jeg ekki get haldið barn þetta ~~að jeg ekki get haldið barn þetta~~ án þess að jeg fái með því fulla meðgjöf – en móðir þess getur ekkert borgað – þá leyfi jeg mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að borga mjer af fátækrasjóði með barni þessu fyrir móður þess hönd áfallið meðlag frá 1. júlí til 31. desember f. á. með 25 krónum, og síðan frá byrjun yfirstandandi janúarmánaðar og framvegis meðan barnið er hjá mjer mánaðarlega 4 kr 16 a. Þess skal getið að faðir barnsins, Benjamín Einarsson, hefir skilvíslega borgað mjer þá upphæð, sem hann, samkvæmt úrskurði – sem faðir þess, – er skyldaður til að greiða með því frá sinni hálfu.

Skólavörðustíg 41 í Reykjavík, 12 janúar 1910.

Virðingarfyllst.

Benedikt Jónsson.

F. Rek. 2/1910

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með þessu brjefi Leyfi eg mjer virðingar-fyllst að biðja hina Heyðruðu Fátækranefnd svo vel gjöra og veyta mjer Húsaleigu styrk sem Reyknast mætti frá 1 Januar þ. m. Húsaleigan er 4 krónur um mánuðinn og þar ~~4~~ er skuldugur um nokkuð fyrir þá mánuði sem liðnir eru, er húseigandi búinn að tilkynna mjer fararleyfi úr húsinu ef eg get Ekki borgað húsaleiguna sem nú fellur á hjer Eftir Eg vona að mjer veitist þessi bón mín og óska að fá svar hið fyrsta

Virðingarfyllst

Grettisgötu ~~44~~ 49 Januar 1910

Stefán Guðmundsson

F. Rvk. 14/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur